

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Viðauki við skipulagsskilmála við Hæðarbyggð 27.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt viðauka við skipulagsskilmála fyrir Hæðarbyggð 27. Í breytingunni felst m.a. að heimilað verður að breyta einbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni í tvíbýlishús. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Strandveg 9, 11, 13, 15 og 17 í Sjólandi .

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Strandveg 9, 11, 13, 15 og 17 í Sjólandi. Í breytingunni felst að heildarflatarmál húsa verður 7966 m² í stað 7520 m² sem heimilt er í skipulagsskilmálum. Heildarnýtingarhlutfall á lóðinni hækkar úr 1,29 í 1,36 vegna þess. Heildarfjöldi íbúða, hæðir húsa, byggingarreitir, götur, gangstéttir og önnur skipulagsákvæði eru óbreytt.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 19. september 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, Hlíðarendi (M5), Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að hluti opins svæðis til sérstakra nota við íþróttasvæði Vals að Hlíðarenda, milli Bústaðavegar og Hlíðarfótar, breytist í miðsvæði merkt M5. Þar er gert ráð fyrir 120 íbúðum og verður því bætt við sem þéttingarsvæði nr. 10a „Vatnsmýri-Hlíðarendi“ en á móti fækkar íbúðum úr 500 í 380 á þéttingarsvæði nr. 6 „önnur þétting í miðborg“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.